

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Völlur 2, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. febrúar 2017 deiliskipulag fyrir Völl 2. Tillagan tekur til um 3 ha svæðis úr landi Vallar 2. Tillagan tekur til tveggja byggingarreita, annars vegar fyrir stækkun íbúðarhúss, þjónustuhúss og hins vegar fyrir byggingu allt að 10 gestahúsa. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 17. október 2017.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2017